

# UFS-áreiðanleikakannanir

## Hvers vegna UFS-áreiðanleikapróf skipta máli



**Nútíma viðskiptahættir taka tillit til málefna á borð við starfsumhverfi, kolefnislosun, sanngjarna skattlagning og spillingu sem hafa í för með sér flókna og kostnaðarsama áhættu. Sömu málefni fela einnig í sér tækifæri til að ná samkeppnisforskoti. Í stuttu máli þá getur það haft áhrif á langtímaafkomu og verðmæti félags hvernig umhverfis-, félagslegir þættir og stjórnarhættir(UFS) eru meðhöndlaðir.**

### Umhverfislegir, félagslegir þættir og stjórnarhættir geta haft veruleg áhrif á rekstur fyrirtækja.

Láist að taka tillit til tækifæra sem í liggja UFS í söluferli getur það haft áhrif á verðmæti og árangur fyrirhugaðrar viðskipta.

Þættir á borð við skuldbindingar vegna landmengunar, kostnað við að framfylgja umhverfislögum, hækkandi orkuverð og urðunarkostnað geta haft áhrif á virði ef ekki er rétt með farið. Nýleg fæðuöryggis- og barnaþrælkunarmál hafa vakið mikla athygli og sýnt fram á mikilvægi annarra sjálfbærniþátta en fjárhagslegra. Slíkir þættir útheimta ítarlegt mat í allri virðis- og framboðskeðjunni.

Fyrir fjármálakreppuna litu fjárfestar gjarnan á áreiðanleikakannanir á sviði umhverfismála sem formsatriði í áhættustýringu til að tryggja fjármögnun fjármálastofnana. Í kjölfar kreppunnar virðist hins vegar vera lögð meiri áhersla á ábyrgar fjárfestingar. Sífelld meira ber á auknum áhuga á mögulegum ávinningi (t.d. kostnaðarlækkunum og auknu tekjustreymi) af fyrirætlunum á sviði sjálfbærni.

Áætlanir um stýringu á orkunotkun (hagstæðari kaup, minni notkun og orkumyndun) og úrgangsmálum (úrgangi breytt í verðmæti) hafa gjörbreytt framkvæmd áreiðanleikakannana á sviði umhverfismála.

Fjárfestar ættu að taka mið af þessum þáttum í áreiðanleikakönnunum til að tryggja að hægt sé að leggja mat á tækifæri og áhættu sem gætu haft áhrif á virði hlutabréfa.

54%

Yfir helmingur aðalhluthafa hefur lækkað kauptilboðsverð á grundvelli UFS-áreiðanleikakannana, samkvæmt nýlegri könnun meðal aðalhluthafa í framtakssjóðum.

29%

Um þriðjungur sagði UFS-frammistöðu fyrirtækis í eignasafninu hafa haft áhrif á útgangsverð þess.

# Hvernig getum við aðstoðað

- Yfirlit yfir hvaða áhrif félagslegar og umhverfislegar sviptingar geta haft á fyrirtækið og markaðinn sem það starfar á
- Alhliða mat á áhættu, skuldbindingum og tækifærum fyrirtækis á sviði UFS-mála
- Mæling á UFS-stefnu, -verklagsreglum og -frammistöðu fyrirtækisins miðað við sambærileg fyrirtæki og bestu starfsvenjur í greininni
- Tillögur að breytingum á verðmati
- Mat á því hvort farið sé að ákvæðum innlendra reglugerða og alþjóðasamninga
- Innsýn í þau áhrif sem UFS-frammistaða fyrirtækisins gæti haft á verðmætustu óefnislegu eignir þess, svo sem orðspor, virði vörumerkis, viðskiptatraust og viðskiptasambönd
- Mat á áhrifum mögulegra skuldbindinga á rekstrarkostnað og fjárstreymi

## Kaupákvörðun

- Niðurstöður UFS-áreiðanleikakönnunar

## Eignarhald

- Bætt UFS-upplýsingagjöf frá fyrirtækinu sem áætlað er að taka yfir
- Skilgreining á tækifærum til endurbóta á UFS-frammistöðu fyrirtækisins



## Áreiðanleikakönnun af hálfu kaupanda

- Skimun á stórfelldri UFS-áhættu og -tækifærum (rannsóknir og vettvangsheimsóknir)
- Ítarleg greining innan fyrirtækisins á skilgreindum UFS-þáttum

## Skilmálar viðskipta

- Samræma væntingar kaupanda og stjórnenda hins keypta um UFS-þætti starfseminnar

## Sala (Exit)

- Undirbúningur á skýrslu með niðurstöðu áreiðanleikakönnunar af hálfu seljanda þar sem greint er frá virðinu (UFS) sem myndaðist meðan á eignarhaldinu stóð

## Frekari upplýsingar veita:



### Helga Harðardóttir

Partner

📞 840 2050

✉️ [hhardardottir@kpmg.is](mailto:hhardardottir@kpmg.is)



### Ágúst Angantýsson

Senior manager

📞 699 7487

✉️ [aangantysson@kpmg.is](mailto:aangantysson@kpmg.is)



### Benoit Cheron

Manager

📞 624 4685

✉️ [bcheron@kpmg.is](mailto:bcheron@kpmg.is)